



# Stjórn SSH

## 409. fundur

Mánudaginn 1. desember 2014 kl. 12:15 kom stjórn SSH saman til fundar á skrifstofu samtakanna, Hamraborg 9, Kópavogi

Mæting: Dagur B. Eggertsson, Haraldur Sverrisson, Haraldur L. Líndal, Ásgerður Halldórsdóttir, Gunnar Einarsson og Ármann Kr. Ólafsson.

Fjarverandi: Guðný Ívarsdóttir

Framkvæmdastjóri SSH, Páll Guðjónsson sat fundinn og ritaði fundargerð.

### 1. Málafni Fjölsmiðjunnar

Margrét Friðriksdóttir stjórnarformaður Fjölsmiðjunnar mætti á fundinn og gerði grein fyrir vinnu við mótun tillagna vinnuhóps v. fjárhags og innra starfs Fjölsmiðjunnar

Umræður.

#### Niðurstaða:

Málið til kynningar á þessu stigi, hópurinn mun skila heildstæðri niðurstöðu fyrir áramót.

### 2. Málafni Strætó bs.

Bryndís Haraldsdóttir stjórnarformaður mætti á fundinn undir þessum dagskrárlíð

Farið var yfir málafni byggðasamlagsins, og einkanlega rætt um væntanlega ráðningu á nýjum framkvæmdastjóra og ákvörðun á starfskjörum framkvæmdastjóra byggðasamlaganna.

#### Niðurstaða:

Stjórnarformanni og framkvæmdastjóra SSH falið að vinna tillögur að mögulegu fyrirkomulagi á ráðningarkjörum og samræmingu í samræmi við umræður á fundinum.

### 3. Vatnsvernd höfuðborgarsvæðisins:

Hrafnkell Proppé svæðisskipulagsstjóri sat fundinn undir þessum dagskrárlíð.

#### a) Yfirferð yfir innkomnar athugasemdir við auglýsta tillögu og álitamál sem af þeim leiða.

Hrafnkell Á Proppé gerði grein fyrir innkomnum athugasemdum eftir auglýsingu og stöðu við úrvinnslu og ferli framundan þar til tillagan verður endanlega staðfest.

Umræður

#### Niðurstaða:

Stjórn óskar eftir því að tekin verði saman greinargerð um þau álitamál sem taka þarf afstöðu til. Greinargerðin verði send stjórnarmönnum eins fljótt og auðið er.

#### b) Tillaga v. sameiginlegrar vatnsnýtingar innan vatnsverndarsvæða höfuðborgarsvæðisins.

Frestað þar til niðurstaða liggur fyrir sbr. a) lið hér að framan

#### c) Tillaga að myndun samráðshóps vegna vatnsverndar og vatnsnýtingar.

Frestað þar til niðurstaða liggur fyrir sbr. a) lið hér að framan

### 4. Skíðasvæði höfuðborgarsvæðisins

Tillaga um undirbúning v. ákvarðana um framtíðarstaðsetningu og snjóframleiðslu.

Fyrir lá minnisblað framkvæmdastjóra dags. 24. nóvember.



Umræður

**Niðurstaða:**

Stjórn SSH samþykkti tillögu framkvæmdastjóra.

**5. Sóknaráætlun höfuðborgarsvæðisins 2015**

Vísað er til bókuunnar stjórnar frá stjórnarfundi 10. nóvember sl., 1. mál  
Framkvæmdastjóri upplýsti að reiknað sé með aukningu á fjármagni til sóknaráætlana landshluta frá því sem fyrir lá á stjórnarfundi 10. nóvember.

Niðurstaða:

Í ljósi ofangreinds samþykkir stjórn að áfram verði unnið að mótun samnings vegna sóknaáætlunar höfuðborgarsvæðisins 2015, og framkvæmdastjóra falið að fylgja málinu eftir.

**6. Minjaráð – ósk um tilnefningu 2 fulltrúa**

Stjórn SSH samþykkir að tilnefna neðangreinda aðila:

Nikulás Úlfar Mátsson  
Sólveigu Jóhannsdóttur, skipulagsfræðingur

**7. Endurskoðun vegalaga**

Niðurstaða starfshóps og umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga

Lagt fram

Haraldur Sverrisson vék af fundi kl. 13:50

**8. Stefnumörkun Sambands íslenskra sveitarfélaga**

Lagt fram

**9. Ferðavenjukönnun Landráðs**

Lagt fram

**10. Önnur mál:**

- a) **RIFF – beiðni um samstarfssamning við SSH**  
Stjórn SSH er ekki fært að verða við erindinu.

**Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 13:50**